

# Mótmæli við tilvísanaskyldu

MORGUNBLAÐINU hafa borist mótmæli Geðhjálp, Félags íslenskra öldrunarlækna, Félags íslenskra taugalækna og Samtaka sykursjúkra við áformum heilbrigðisyfirvalda um að koma á tilvísunarkerfi.

## Geðhjálp

„Vegna tilkynningar heilbrigðisráðherra í fjölmíðlum um að sjúkrá-húslæknum verði bannað að vísa á sjálfa sig eftir útskrift vill stjórn Geðhjálpar benda á að þetta þýðir að geðsjúkum er bannað að halda óslitið áfram í meðferð hjá sínum geðlækni. Það tekur tíma að byggja upp traust og gott samband milli sjúklings og læknis en meðferðin stendur og fellur með þessu sambandi. Oft er um að ræða viðtalsmeðferð og er mikilvægt að meðferðin verði samfelld og að sjúklingur þurfi ekki að fara á milli lækna eftir útskrift.“

Stjórn Geðhjálpar mótmælir tilvísunarskyldunni hardlega og krefst þess, ef hún verður sett á, að geðsjúkir verði undanþegnir af ofangreindum ástæðum.

Í ályktun sem samþykkt var á fundi í Félagi íslenskra taugalækna 24. janúar sl. segir m.a. að yfirlýstur tilgangur með tilvísunarkerfinu sé að spara fjármuni og bæta heilbrigðisþjónustuna en engin athugun hafi þó farið fram á þessu og bendi allt til að kostnaðarsamara verði að koma á og viðhalda tilvísunarkerfi en að hafa óbreytt ástand. „Sparnaður yrði að byggjast á því að sjúklingar bæru kostnaðinn sjálfir, en ekki hið opinbera, sem þeir hafa þó keypt sér tryggingu hjá. [...] Þeir sem haldnir eru langvinnum og erfiðum sjúk-

dómum hafa getað leitað beint til sérfræðings sem hefur sérþekkingu á sjúkdómi þeirra. Með fyrirhuguðu tilvísunarkerfi má búast við að dráttur geti orðið á sjúkdómsgreiningu og nauðsynlegri meðferð.“

## Samtök sykursjúkra

Samtök sykursjúkra telja að tilvísunarkerfi geri sykursjúklingum erfitt fyrir og auki kostnað.

Samtök sykursjúkra hafa sent fjölmíðlum eftirfarandi: „Samtök sykursjúkra krefjast þess að þeir sem hafi með þessi mál að gera viti hvað kostar: 1. Að gera meðferð sykursjúklings það erfiða og kostnaðarsama að það sé illmögulegt fyrir einstaklinginn að vera meðhöndlaður rétt? 2. Hvað kostar hið íslenska þjóðfélag að hafa okkur illsjáandi eða blind, með fótasár eða fótalaus, nýrnabiluð eða í nýrnaveíl? 3. Hvað kostar sú þjónusta sem við þurfum til að vera virkir þjóðfélagsþegnar og borga okkar skatta?“

## Félag íslenskra öldrunarlækna

Stjórn Félags íslenskra öldrunarlækna bendir á að núverandi kerfi hafi skilað afbragðs árangri og sé ódýrt. „Í því ríkir jöfnuður og greiður aðgangur er að lækniþjónustu. Þær hugmyndir sem liggja fyrir um tilvísunarskyldu munu torvela samskipti sjúklunga og lækna, og auk þess valda verulegu óhagræði fyrir aldraða sjúklunga og aðstandendur þeirra.“ Með hagsmuni skjólstaðinga sinna í huga hvetur stjórn félagsins ríkisstjórn Davíðs Oddssonar til að draga til baka framkomnar hugmyndir um tilvísunarskyldu.